



Reglugerð Vinnudeilusjóðs Verk Vest

1. Gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður og er í eigu Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

2. Gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn er standa í verkfalli sem félagið á aðild að, eða verkbönnum boðuðum af atvinnurekendum á félagssvæðinu. Einnig heimilt að greiða kostnað við kjarasamningsgerð og rekstur vinnudeilu, þar með talið kostnað við verkfallsvörslu.

3. Gr.

Til Vinnudeilusjóðs renni 15% af innheimtum félagsgjöldum svo og vextir af höfuðstól.

4. Gr.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hefur á hendi ávöxtun sjóðsins og skal þess gætt að sjóðurinn sé ávallt á sem hagstæðustu ávöxtun en þó tryggt að hann sé jafnframt til reiðu ef á þarf að halda.

5. Gr.

Rétt til styrktar úr vinnudeilusjóði á hver félagi í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga sem er skuldlaus við félagið og á í vinnudeilu, þó er stjórn sjóðsins heimilt að veita öðru stéttarfélagi sem á í hörðum kjaradeilum og verkfallsátökum sérstakan styrk úr Vinnudeilusjóði Verk Vest.



6. Gr.

Kjörnefnd skal leggja fram tillögu um sjóðsstjórn og varamenn samkvæmt 18.gr. laga Verk Vest. Stjórn sjóðsins skal vera skipuð þremur félagsmönnum, og þremur til vara. Hlutverk sjóðsstjórnar er að hafa á hendi styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans.

7. Gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir styrkbeiðnir og styrkveitingar.

8. Gr.

Hafi verkfall eða verkbann staðið yfir í 4 daga skal auglýsa eftir umsóknum um styrk úr vinnudeilusjóði og skal þá veita styrki frá fjórða degi frá því að verkfall eða verkbann hófst.

Lágmarksstyrkur skal vera 80% af grunnatvinnuleysisbótum eins þær eru hverju sinni. Vegna barna skal tekið mið af bótum atvinnuleysistrygginga.

Stjórninni er heimilt þrátt fyrir 1. málsgrein að styrkja félagsmenn með bágborinn efnahag eða einstætt foreldri strax á fyrsta degi vinnudeilu.

9. Gr.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi félagsins og skal þá geta þess þegar fundur er auglýstur.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga 22. maí 2015.